

**Mál nr. 16/2018****M og  
váttryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins A og  
váttryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins B.****Árekstur á bifreiðastæði Fjölbrautaskólans á Suðurnesjum 11.9.2017.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttekið 11.12. 2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V1, dags. 25.1.2018.

Tölvupóstur V2, dags. 26.1.2018.

**Málsatvik.**

Í lögregluskýrslu kemur fram að ökumaður bifreiðar A ók bifreiðinni til austurs í átt að auðum stöðureit á bifreiðastæði við Fjölbrautaskólann á Suðurnesjum. Í skýrslunni kemur fram að á bifreiðastæðinu hafði bifreiðum verið lagt utan stöðureita og var akstursleið bifreiðar A því nær lokuð. Ökumaður bifreiðar B ók eftir bifreiðastæðinu til norðurs og síðan beygt til vinstri að Faxabraut. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa ekið framhjá bifreiðum sem lagt var utan stöðureita og stöðvað bifreið sína þegar hann sá til ferða bifreiðar B og kvaðst hafa verið kyrrstæður þegar árekstur varð. Ökumaður bifreiðar B segist í lögregluskýrslu hafa ekið eftir bifreiðastæðinu til norðurs og hugðist beygja til vinstri, kyrrstæðar bifreiðar hefðu nær lokað vinstri akrein og hún hafi ekki orðið vör við bifreið A fyrr en árekstur varð.

M telur að ökumaður bifreiðar B beri alla sök á árekstrinum þar sem þeirri bifreið hafi verið ekið á bifreið A kyrrstæða. Einnig vísar M til þess að bifreið B hafi verið full af reyk og fær það stoð tölvupósti frá einstaklingi sem kveðst hafa verið á staðnum. Einnig vísar M til vitnisburða tveggja annarra sem liggja fyrir í tölvupóstum um að bifreið A hafi verið kyrrstæð þegar árekstur varð. V1 tekur undir sjónarmið M og vísar til þess að ökumaður A hafi ekki verið komin það langt að hann hafi átt að veita umferð frá hægri forgang auk þess sem ökumaður bifreiðar B hafi sagst í lögregluskýrslu ekki hafa séð bifreið A fyrir áreksturinn. V2 gerir ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins en fyrir liggur tölvupóstur frá ökumanni bifreiðar B þar sem kemur fram hún telur að bifreið A hafi verið á röngum vegarhelmingi, sú bifreið hafi verið á ferð þegar árekstur varð og vísar þar til þess hversu skemmdir urðu miklar á bifreiðunum og telur því að ökumaður bifreiðar A beri alla ábyrgð á árekstrinum.

**Álit.**

Þegar litið er til allra gagna málsins, sérstaklega lýsingu í lögregluskýrslu, er ljóst báðum öikumönnum bar að sýna varúð við akstur við bifreiðastæði þar sem búið er að leggja bifreiðum utan stöðureita og þrengja að akstursleiðum. Því til viðbótar verður þó að líta til þess að m.v. akstursstefnu ökumanns bifreiðar A inn í stöðureit á bifreiðastæðinu hafði hann bifreið B á hægri hönd og bar því að veita þeirri bifreið forgang við akstur um bifreiðastæðið. Hins vegar verður að líta til þess að skv. því sem haft er eftir ökumanni bifreiðar B í lögregluskýrslu gætti hún ekki nægrar varúðar við akstur um bifreiðastæði þar sem aðstæður voru eins og að ofan greinir. Þegar litið er til aðstæðna allra og þeirra gagna sem liggja fyrir nefndinni verður sök á árekstrinum skipti til helminga milli ökumanna bifreiða A og B.

**Niðurstaða.**

Sök skiptist til helminga milli ökumanna bifreiða A og B.

Reykjavík, 9. febrúar 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.